

***Leiðbeiningar fyrir kennara
við notkun gervigreindar í
Listaháskóla Íslands.***



***Leiðbeiningar
fyrir kennara
við notkun
gervigreindar í
Listaháskóla
Íslands.***

1. Um notkun gervigreindar í skólastarfi gilda sömu reglur og um notkun allra annarra heimilda og aðstoðar í námi; vísa þarf til heimilda skv. alþjóðlegum tilvitnunarreglum í samræmi við viðurkennda staðla Listaháskólans.
2. Kennari leggur línurnar með hvernig heimildavinna og skapandi verkefni eru unnin. Nemendum skuli alltaf fylgja fyrimælum kennara um notkun gervigreindar við lausn verkefna.
3. Ef nemendur nota gervigreind í samráði við/með samþykki kennara við úrlausn verkefna þarf viðkomandi að gera grein fyrir því hvernig það var gert og hvernig áreiðanleiki heimilda var staðfestur. Ávallt skal fylgja reglum LHÍ um notkun og frágang heimilda.

*Leiðbeiningar
fyrir kennara
við notkun
gervigreindar í
Listaháskóla
Íslands.*

4. Notkun gervigreindar skal uppfylla öll siðferðileg viðmið samkvæmt siðareglum Listaháskólans og vera í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð sem gilda innan Listaháskóla Íslands um notkun á hugverkum annarra (19 gr.Skólareglur), (gr.2.7 Siðareglur LHÍ).
5. Notkun gervigreindar í tilvikum þegar slíkt hefur ekki verið heimilað af kennara felur í sér brot á skólareglum Listaháskólans (19.gr skólareglur) og getur haft í för með sér fall í verkefni eða námskeiði eða skriflega áminningu. (32.grein skólareglna)



Gervigreind í skapandi starfi LHÍ.

6. Ef kennari hvetur til notkunar gervigreindar í skapandi starfi/verkefnum þá er nemendum heimilt að nýta sér þann möguleika. (ath hér er átt við verkefni sem ekki styðjast við heimildarskráningu). Ávallt skal tilgreina vel hvernig gervigreind kom að sköpun verkefnis og gæta þarf að því að ekki séu notuð hugverk annarra án samþykkis (19.gr skólareglna), (gr.2.7 Siðareglur LHÍ).

Persónuvernd

Hafa skal í huga þegar gervigreindarforrit eru notuð

- Gervigreindarforrit vista allar upplýsingar, fyrirspurnir og gögn sem keyrt er í gegnum þau og þurfa **allir notendur að gæta þess að deila ekki persónulegum og öðrum viðkvæmum upplýsingum þegar verið er að prófarkalesa gögn eða spyrja spurninga.**
- Fylgja þarf lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.(lög nr.90/2018)

Dæmi um leyfilega notkun (í samráði við kennara): Heimilt er að nota gervigreind eins og ChatGPT og sambærileg tól til að styðja við kennslu, nám og rannsóknir innan skólans, þar á meðal:

Aðstoð við
undirbúning fyrir
verkefni og
kynningar

Aðstoð við
undirbúning fyrir
rannsóknir og
greinar

Samstarf milli
kennara og
nemenda

Þýðingar og
prófarkalestur

Skapandi vinnu
án heimilda

Dæmi um óleyfilega notkun: Óheimilt er með öllu að nota ChatGPT og önnur sambærileg tól á eftirfarandi hátt:

Við ritun á ritgerðum, verkefnum, prófum og öðrum fræðilegum verkum-nema það sé sérstaklega tekið fram sem leyfilegt af kennara.

Brot á siðareglum LHÍ við öflun eða dreifingu villandi eða ærumeiðandi upplýsinga

Við hugverkastuld. Með hugverkastuldi er átt við hverskyns afritun á hugverki annarra sem er sett fram líkt og um eigið verk væri að ræða og án þess að heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Áreitni, einelti eða mismunun til dæmis vegna kyns, fötlunar, aldurs, trúar, skoðana, þjóðernis, kynþáttar eða kynhneigðar